

eyrar. Höfðu þeir þá heldur betur fengið sýnishorn af íslenskri náttúru og þeim andstæðum sem ríkja milli ytri og innri skilyrða íslenskrar menningar, sýnishorn sem sjálfsagt urðu mörgum minnisstæð.

4 Ráðstefnulok

Ráðstefnunni lauk með kvöldverði á Hótel KEA, þar sem hún hafði farið fram. Þar var félagsstjórninni þakkað fyrir gott félagsstarf og undirbúningsnefndinni fyrir góða ráðstefnu. Nýr formaður félagsins er Halldóra Jónsdóttir, sem tekur við af Lars Trap-Jensen. Varaformaður er Kristína Nikula. Hafði hún á fundi félagsins fyrr um daginn boðið okkur öllum á 10. norrænu ráðstefnuna um orðabókarfræði, sem haldin verður í Tammerfors í Finnlandi vorið 2009.

Þrátt fyrir að Akureyri byði okkur ráðstefnugestum upp á norðangarð, snjókomu, hellirigningu og einkar ófýsilegt veður var okkur höfðinglega tekið á allan hátt. Og vera má að þetta sé fyrsta (og vonandi eina!) skiptið sem Víkingasveit lögreglunnar hefur veitt orðabókarfræðingum sérstaka athygli. Þeir litu okkur öfundaraugum fyrir að við vorum ekki, eins og þeir, látin synda í ískaldri Akureyrarhöfn. Sérstakar þakkir til undirbúningsnefndarinnar fyrir það!

Anna Helga Hannesdóttir

Fjórtánda norræna nafnfræðiráðstefnan Borgarnesi 11.–14. ágúst 2007

Fjórtánda norræna nafnfræðiráðstefnan var haldin í Borgarnesi dagana 11.–14. ágúst 2007 en að henni stóðu Nafnfræðifélagið og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum með styrk frá Clara Lachmanns Fond, Kungliga Gustav Adolfs Akademien í Uppsölum, Nordplus Sprog, Eddu – útgáfu og Glitni. Fyrsta norræna nafnfræðiráðstefnan var haldin í Uppsölum í ágúst 1946 og hefur verið haldin á fjögurra til fimm ára fresti allar götur síðan en þetta er í fyrsta sinn sem ráðstefna þessi er haldin á Íslandi. Svavar Sigmundsson, stofustjóri nafnfræðisviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræð-

um og formaður Nafnfræðifélagsins, var aðalskipuleggjandi ráðstefnunnar en auk hans störfuðu að undirbúningi Guðrún Kvaran, Jónína Hafsteinsdóttir og Hallgrímur J. Ámundason.

Yfirskrift ráðstefnunnar nú var *Norræn nöfn – Nöfn á Norðurlöndum: hefðir og endurnýjun* og sóttu hana 62 fræðimenn frá átta löndum:

Frá Danmörku komu (7) Peder Dam, Birgit Eggert, Peder Gammeltoft, Bente Holmberg, Johnny G. Jakobsen, Bent Jørgensen og Susanne Vogt.

Frá Englandi kom Richard Coates.

Frá Finnlandi komu (6) Terhi Ainiala, Riikka Eskelinen, Leila Mattfolk, Minna Saarelma, Paula Sjöblom og Maria Vidberg.

Frá Færeyjum komu (4) Anfinnur Johansen, Eivind Weyhe, Kristin Magnussen og Steingrímur Abrahamsen.

Frá Hollandi kom Louise H. Maas.

Frá Íslandi komu (11) Ágústa Þorbergsdóttir, Baldur Sigurðsson, Guðrún Bjarkadóttir, Guðrún Kvaran, Haraldur Bernharðsson, Jónína Hafsteinsdóttir, Marteinn Sigurðsson, Rúna K. Tetzschner, Svavar Sigmundsson, Kendra Willson og Þórhallur Vilmundarson.

Frá Noregi komu (12) Gulbrand Alhaug, Eli Johanne Ellingsve, Botolv Helleland, Ole-Jørgen Johannessen, Torill Letto, Oddvar Nes, Ingvil Nordland, Guro Reisæter, Tom Schmidt, Ola Stemshaug, Inge Særheim og Benedicta Windt.

Frá Svíþjóð komu (20) Emilia Aldrin, Eva Brylla, Lennart Dehlin, Sonja Entzenberg, Birgit Falck-Kjällquist, Märít Frändén, Lennart Hagåsen, Carina Johansson, Katharina Leibring, Carl-Erik Lundbladh, Kristina Neumüller, Leif Nilsson, Eva Nyman, Staffan Nyström, Lennart Ryman, Berit Sandnes, Agneta Sundström, Annette C. Torensjö, Per Vikstrand og Mats Wahlberg.

Á ráðstefnunni voru flutt 45 erindi um nafnfræði í tveimur málstofum og fjallað bæði um örnefni og mannanöfn. Kynntar voru meðal annars rannsóknir á uppruna, merkingu og þróun örnefna, rannsóknir á norrænum örnefnum á Bretlandi, opinberum og óopinberum nafngiftum í borgarsamfélögum og sagt frá nýjum aðferðum við tölvuskráningu örnefna á kort. Þá var fjallað um hefð og nýjungar í mannanöfnum, erlend áhrif á nafnvenjur og sambúð ólíkra nafnsiða á Norðurlöndum, rætt um áhrif bókmennta á nafngjafir og löggjöf um mannanöfn. Auk þess var rætt um framtíðina og endurnýjun í fræðigreininni.

Ráðstefnan var haldin á Hótel Borgarnesi og þar bjuggu einnig flestir ráðstefnugestanna. Vésteinn Ólason, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, setti ráðstefnuna að morgni laugardagsins 11. ágúst. Eftir hádegi sunnudaginn 12. ágúst var gert hlé á fyrirlestrahaldi og farin kynnisferð um Borgarfjörð en um kvöldið var móttaka í Landnámssetri Íslands í Borgarnesi. Að loknum fyrirlestrum á mánudag var hátíðarkvöldverður á Hótel Borgarnesi en ráðstefnunni lauk með fundi Norrænu samstarfsnefndarinnar um nafnfræðirannsóknir, NORNA, um miðjan dag þriðjudaginn 14. ágúst. Ráðgert er að fyrirlestrar af ráðstefnunni verði gefnir út í ritröð NORNA. Næsta ráðstefna verður haldin 2012 í Danmörku.

Haraldur Bernharðsson